




## Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	6/11 2015
Málsnr:	1511085
Bréfal:	518

Hafnarfirði 28.10. 2015

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6, Hafnarfirði

### Málefni: Aðgengi að upplandi Hafnarfjarðar – bílastæði og leiðbeiningaskilti.

Vísað er til fundar með Haraldi Líndal bæjarstjóra um ofangreint málefni og kynnisferð með honum og Sigurði Haraldssyni sviðstjóra.

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar hefur haft það meðal verkefna sinna á sviði samfélagsmála að auðvelda bæjarbúum og öðrum að njóta fjölbreyttrar náttúru í landi bæjarins. Klúbburinn kostaði m.a. útsýnisskífu á Ásfjalli og leiðbeiningaskilti við Hvaleyrarvatn, bílastæði þaðan sem lagt er í göngu á Helgafell og við strandstíginn gengt Fjörukránni.

Klúbburinn vill gjarnan standa fyrir gerð leiðbeiningaskiltis um gönguleiðir og markverða staði í Almenninum vestan Krýsuvíkurvegjar. Þar er m.a. að finna myndarlega fjárborg frá fyrri hluta síðustu aldar (Þorbjarnarstaðafjárborg), minjar um seljabúskap á fyrri tímum (Fornasel, Gjásel, Straumssel, Óttarstaðasel), varðaða selstíga og margt fleira. Á þessu svæði var unnið merkilegt frumkvöðlastarf í skógrækt sem fjórir prófessorar við Háskóla Íslands stóðu fyrir um miðja síðustu öld. Merkilegur þáttur í sögu svæðisins er að skipaður var um, miðja 19. öld landvörður til að hafa þar vörslu og stemma stígu við oftekju víðar og hriss í samræmi við reglur sem settar höfðu verið (Guðmundur Guðmundsson, hafði búsetu í Straumsseli um hríð). Stikaðar gönguleiðir eru þegar fyrir hendi á svæðinu þó sjá megi fyrir sér að etv. þurfi að vinna frekara verk á því sviði í framtíðinni sem og koma fyrir merkingum við merka staði og gefa út leiðbeiningar, t.d. á vefnum. Þessi verkefni geta þó beðið seinni tíma.

Til þess að almenningur geti haft aðgang að þessu svæði er nauðsynlegt að gert verði bílastæði á hentugum stað við Krýsuvíkurveg, þaðan sem fólk gæti lagt upp í göngu um svæðið. Leiðbeiningaskiltið yrði staðsett þar. Því er leitað til bæjarfélagsins um að það standi fyrir og kosti gerð slíks bílastæðis, þegar næsta vor ef kostur er.

Stjórn Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar mun eiga samráð við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Skógrækt ríkisins um þetta mál og leita eftir samstöðu þessara aðila.

Undirritaður og aðrir í stjórn klúbbsins eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að mæta á fund ráðsins og gera frekari grein fyrir málinu sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar

  
Eyjólfur Sæmundsson

Forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2015 -16